

Ed. 199. Frumvarp til laga

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðinu „vélstjóra“ í 2. málsg. 13. gr. laganna komi: og loftskeytamanna.

2. gr.

Í stað orðanna „sé hann stýrimaður eða vélstjóri“ í fyrri málsg. 32. gr. laganna komi: sé hann stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

3. gr.

Í stað orðanna „sé hann stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. málsg. 41. gr. laganna komi: sé hann stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

4. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, er verður 49. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytataekjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytataekjanna, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að álit loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé skráð.

5. gr.

a. Í stað orðanna „Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. másl. 1. málsg. 64. gr. laganna komi: Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

b. Í stað orðanna „þá er stýrimaður eða vélstjóri er hafður fyrir sök“ í 3. málsl. 1. málsgr. sömu lagagr. komi: þá er stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður er hafður fyrir sök.

6. gr.

Í stað orðanna „um stýrimenn og vélstjóra“ í niðurlagi 70. gr. laganna komi: um stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Einn nefndarmanna (SÁÓ) mun bera fram viðtækari breytingar á lögnum, í samræmi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á sjómannalögnum á Norðurlöndum.

Stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins gerir eftirfarandi grein fyrir breytingum þeim, sem í frv. felast:

„Við endurskoðun sjómannalaganna árið 1930 hafa orðið þau mistök, að gleymt hefir með öllu að geta loftskeytamanna sem sérstakrar starfsgreinar með ákveðnum starfsskyldum um borð í skipum. Með sérstökum ákvæðum hafa brytunum verið tryggð þau réttindi, sem sett eru í lögnum um stýrimenn og vélstjóra, en um loftskeytamennina hafa engin slík ákvæði verið sett.

Ráðningarkjör loftskeytamanna eru þó hvarvetna hér á landi í samningum við atvinnurekendur miðuð við þau hlunnindi, sem ávallt og alstaðar skipa þeim í flokk með yfirmönnum skipanna. Til frekari staðfestingar á þessu má geta þess, að í nýafstöðnum viðræðum á milli útgerðarmanna og viðkomandi starfsfélaga sjómanna um áhættuþóknun við siglingar á stríðstímum kom greinilega í ljós hjá útgerðarmönnum, að loftskeytamenn beri að skoða sem yfirmenn, og virðist það því sjálf-sögð krafa, að þeir njóti samkvæmt lögum sömu réttinda og aðrir yfirmenn á skipum. Ákvæðin um uppsagnarfrest, sumarleyfi, ferðalög í þágu útgerðarinnar, veikindatilfelli, einkennisfatnað, afnot á sameiginlegum borðsal og annað því um líkt eru alstaðar nákvæmlega í samræmi við það, sem tíðkast um vélstjóra og stýrimenn skipanna.

Breytingar þær, er í frumvarpi þessu felast, hafa því hvergi í för með sér aukin útgjöld fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar, en miða aðeins að því að samræma ákvæði laganna við það, sem raunverulega tíðkast í þessum efnum og tryggt er þegar með gildandi samningum við hin einstöku útgerðarfélög.

Um starfsskyldur loftskeytamanna er ekkert tekið fram í lögnum, og er grein þeirri, sem hér er gert ráð fyrir, að bætt verði við þau, ætlað að ráða bót á þessu. Ákvæði greinarinnar eru ekki önnur en þau, sem í gildi eru þegar um borð í skipum þeim, er loftskeytatæki hafa.“